

Matvælaráðuneytið

Fundargerð

Boðandi: **Hjalti Jón Guðmundsson**
Dags: **14.10.2022**
Boðaðir: **Kolbeinn Óttarsson Proppé, Þorgils Torfi Jónsson, Valgerður Sigurðardóttir, Hildur Hauksdóttir**
Fundarmenn: **Kolbeinn Óttarsson Proppé, Valgerður Sigurðardóttir, Sigurgeir Bárðason**
Fjarverandi: **Þorgils Torfi Jónsson, Hildur Hauksdóttir**
Bréfalykill: **02.02.03 Lögskipaðar nefndir, stjórnir og ráð - Fiskeldi**
Málsnúmer: **MAR22030127**

Efni: 5. fundur - Umhverfissjóður sjókvíaeldis - stjórn 2022-2026

Frásögn af fundi

Dagskrá fundar:

1. Lokaskýrslur og samningar

Fjallað var um yfirferð lokaskýrslna fyrir árið 2022. Upplýsti starfsmaður sjóðsins stjórn um að búið væri að ráða ráðgjafa til að fara yfir lokaskýrslur og hyggjast þeir skila vinnunni af sér fyrir 15. október nk. Þá upplýsti starfsmaður sjóðsins stjórn um að verið væri að vinna í gerð samninga við þá umsækjendur sem hlutu styrk í júlí sl.

2. Mögulegar breytingar á skipulagi sjóðsins

Fundarmenn ræddu mögulegar breytingar á skipulagi sjóðsins, s.s. með tillit til úthlutunar til Hafrannsóknarstofnunar. Samþykkt var að formaður sjóðsins muni gera drög að bréfi og senda á stjórn til yfirlestrar og samþykktar. Í framhaldi af því yrði bréfið sent á matvælaráðherra.

3. Erindi Náttúrustofu Vestfjarða

Starfsmaður sjóðsins upplýsti stjórn um erindi sem honum hafði borist frá Náttúrustofu Vestfjarða. Í erindu er óskað eftir því að seinkað verði skilum á lokaskýrslu þar sem aðeins hluti vinnunar hafi farið af stað síðastliðið sumar. Fól stjórn starfsmanni sjóðsins að kalla eftir frekar upplýsingum frá styrkþega, s.s. um hversu stór hluti vinnunar hefði farið af stað síðastliðið sumar.

4. Frumvarp um breytingu á lögum um fiskeldi nr. 71/2008

Starfsmaður sjóðsins upplýsti stjórn um að matvælaráðherra hefði í hyggju að leggja fram frumvarp um breytingu á lögum um fiskeldi nr. 71/2008. Breytingin lítur að því að árgjald Umhverfissjóðs sjókvíaeldis miðist við heimilaðan lífmassa skv. rekstrarleyfi en ekki heimilað framleiðslumagn.

5. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Niðurstaða og ákvarðanir

Stjórn samþykkti að formaður sjóðsins myndi gera drög að bréfi til matvælaráðherra. Starfsmanni sjóðsins falið að kalla eftir frekar upplýsingum frá Náttúrustofu Vestfjarða.

Tilvísun í málsnúmer og fylgiskjöl

